



VÖRN GEGN VÁ

Öryggishandbók

Waldorfskólans í Lækjarbotnum

og Waldorfleikskólans Yls

ágúst 2022

5. Útgáfa

Efnisyfirlit

Öryggismál	4
Viðbragðsáætlun	5
Staðhættir	5
Virkjun áætlunar og boðun	6
<i>Þegar matráður fær boð um virkjun þá:</i>	6
Tilkynning	7
<i>Stjórnandi á hverjum tíma (matráður) þarf að fá upplýsingar um:</i>	7
Stjórnkerfi skólans/leikskólans.....	7
Öryggisnefnd skólanna:.....	7
Áhættumat	7
Verkefni starfsfólks.....	8
A. Almennar upplýsingar.....	8
B. Gátlistar	8
C. Hlutverk viðbragðsstjórnar	8
Starfssvæði og kort.....	8
<i>Helstu starfssvæði:</i>	8
Dreifingarlisti	9
<i>Afrit af viðbragðsáætlun skólans er í:</i>	9
Samskiptaleiðir	9
<i>Mikilvæg símanúmer</i>	9
<i>Tilkynning til foreldra er send út sem SMS ef tölvur virka. Annars er boðtré notað:</i>	9
Viðbrögð skólans/leikskólans í kjölfar áfalla	9
Rýmingaráætlun	10
Húsakostur og neyðarbirgðir.....	10
Brunavarnakerfi.....	10
<i>Ef brunavarnarkerfi fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi:</i>	10
Almenn rýming	10
Hópslysaáætlun vegna skólarútu	11
<i>Öryggisbúnaður með fylgifiski:</i>	11
<i>Starfsmenn og börn:</i>	11
<i>Rýmingaráætlun:</i>	11
Slys á börnum	12

<i>Forvarnir</i>	Error! Bookmark not defined.
<i>Skyndihjálparnámskeið</i>	12
<i>Eftirlit með börnunum</i>	12
<i>Umhverfi</i>	12
Sjúkrakassi	13
Viðbragðsáætlun	13
<i>Hvernig á að flytja börnin á slysadeild</i>	13
<i>Hvenær þarf að hringja á sjúkrabíl.</i>	14
Viðbrögð eftir slys	14
Tilkynningar til foreldra	14
<i>Ef ástand barnsins er lífshættulegt</i>	14
<i>Lögregluskýrsla og tilkynningar til lögreglu</i>	14
<i>Skráning</i>	15
Viðbrögð við eldsvoða	15
Viðbrögð við óveðri	16
<i>Brottför í stormi:</i>	16
<i>Gagnvart foreldrum og forráðamönnum:</i>	17
Viðbrögð við ísingu	17
Viðbrögð við samfalli snjóhúsaganga	17
Viðbrögð við jarðskjálftum	17
<i>Forvarnir</i>	18
<i>Jarðskjálfti – innan dyra:</i>	18
<i>Jarðskjálfti – utan dyra:</i>	18
<i>Eftir jarðskjálfta:</i>	18
Viðbrögð við eldgosu	19
Viðbrögð við truflun á samgöngum t.d. rof á vegi	19
Viðbrögð við faraldri	20
<i>Forvarnir:</i>	20
<i>Veikindi nemenda.</i>	20
<i>Veikindi starfsmanna.</i>	21
<i>Komi til lokunar skóla og leikskóla</i>	21
<i>Boðleiðir.</i>	21
<i>Aðstoð við gestakennara og/eða skiptinema</i>	21

<i>Heimanám við lokun skóla.....</i>	<i>21</i>
<i>Umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur.</i>	<i>21</i>
<i>Skipulagning skólstarfs eftir opnun.</i>	<i>21</i>
Forvarnir.....	22
Viðauki 1 - Það sem þarf að uppfæra árlega að hausti:	22
Viðauki 2 – Húsakostur skólanna, staðsetning öryggisbúnaðar	22
Viðauki 3 - Nemendalisti skólans/leikskólans	Error! Bookmark not defined.
Viðauki 4 - Öryggisbúnaður.....	22
Viðauki 5 – Boðtré skólans.....	23
Viðauki 7 – Jarðvá í umhverfi Lækjarbotna.....	23
<i>Samkvæmt ofangreindu er hugsanleg vá m.a.:.....</i>	<i>24</i>
<i>Meðal vár vegna skjálfta:</i>	<i>24</i>
<i>Meðal vár vegna eldgoss:.....</i>	<i>24</i>
<i>Sérstakar hættur vegna staðsetningar skólans í hvílt:</i>	<i>24</i>

Öryggismál

Það er stefna Waldorfskólans í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólans Yls að búa nemendum og starfsfólki okkar eins öruggt umhverfi og mögulegt er. Gera þarf ráð fyrir að óvæntir og hættulegir atburðir geti komið upp. Við slíkum atburðum verðum við að bregðast við eins vel og kostur er. Mikilvægt er að kennarar og starfsfólk skólans kynni sér eftirfarandi leiðbeiningar, helst ekki sjaldnar en við upphaf hvers skólaárs.

Ekki er að vænta að þeir sem þurfa að færa sér leiðbeiningarnar í nyt á hættustund, muni öll þau atriði sem fjallað er um. Þess vegna er mikilvægt að lesa textann og gátlistann yfir, einmitt þegar áfall dynur yfir og álag og streita eru í hámarki. Betra er að taka fáeinar mínútur til þess að lesa yfir hvert atriði sem sinna þarf og láta listana leiða sig áfram, en að gleyma mikilvægum þáttum.

Sumir atburðir geta gerst svo skyndilega að ekki gefst tími til að lesa gátlista og þá þurfa allir starfsmenn að kunna fyrstu viðbrögð. Með fyrstu viðbrögðum er átt við um það sem gerist fyrstu mínúturnar eftir að atburðarrás hefst, t.d. við eldsvoða eða jarðskjálfta.


Að flestu leiti má segja að almenn heilbrigð skynsemi sé mikilvægasti þátturinn í öryggismálum okkar eins og alls staðar. Höldum því vöku okkar og verum fyrirhyggjusöm og varkár.

Viðbragðsáætlun

Staðhættir

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum
Waldorfleikskólinn Ylur
Lækjabotnaland 53 v/Suðurlandsveg
203 Kópavogur
S: 587 4499, waldorfskolinn@waldorfskolinn.is

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólinn Ylur eru staðsett í Lækjarbotnalandi í landi Kópavogs um 10 km austur frá Rauðavatni eftir hringvegi nr. 1. Afleggjari að landinu er rétt ofan við Lögbergsbrekku, beygt til hægri (ca. 10 mín akstur frá Rauðavatni). Næsti byggðarkjarni við Lækjarbotna er Norðlingaholt í Reykjavík.



Waldorfleikskólinn Ylur er til húsa í „Rauða húsinu“ fyrrum nefnt Kópasel. Inngangur er að norðanverðu, vestustu dyrnar. Sameiginlegt eldhús er með leikskóla og skóla. Eldhúsið er staðsett í „Rauða húsinu“ inngangur að norðanverðu fyrir miðju.

Börnin koma með tveimur rútum sem fara frá Kjarvalsstöðum (miðbæ Reykjavíkur) kl. 8:00 og eru komin í Lækjarbotna kl. 8:30. Brottför frá Lækjarbotnum er kl. 14:30 og eru þau komin á Kjarvalsstaði kl. 15:00. Önnur rútan hefur viðkomu við Rauðavatn og hin í Mjódd í báðum ferðum.

Waldorfskólinn Lækjarbotnum hefur 8 hús til umráða.

Við skólann starfa 25 manns (kennarar og annað starfsfólk), í skólanum eru um 80 nemendur á aldrinum 6 til 15 ára.

Rauða húsið: Kennslustofur 1.-4. bekkjar
Eldhús

Dökkbláa húsið: Kennslustofa 9.-10. bekkjar
Myndmenntastofa/Tónlistarstofa

Ljósbláa húsið: Kennslustofa 5.-6. bekkjar
Kennslustofa 7.-8. bekkjar

Græna húsið: Handavinnustofa
Sérkennslustofa
Hrynlistarstofa
Skrifstofa

Tálgunarkofinn: Smíðastofa

Skemman: Listir og handverk

Leirkofinn: Tímabundin lotukennsla í leirgerð

Járnsmiðjan: Tímabundin lotukennsla í járnsmíði

Einnig eru í Lækjarbotnalandi þrjú heilsárshús í eigu einstaklinga.

Virkjun áætlunar og boðun

Tilkynning um atburð sem kallar á virkjun viðbragsáætlunar skal umsvifalaust berast til **matráðar**.

Þegar matráður fær boð um virkjun þá:

1. Óskar eftir virkjun viðbragðsstjórnar.

Viðbragðsstjórn skipa:

Viðbragðsstjórn

Fundarstjóri skóla
Fundarstjóri leikskóla
Skrifstofa

Staðgenglar

Ritari
Forfallafulltrúi

2. Hringir í 112
3. Upplýsir samstarfsfólk um viðbúnað í gegnum síma eða eftir öðrum boðleiðum.
4. Bíður frekari upplýsinga og fyrirmæla frá neyðarlínunni.

Þegar upplýsingar berast sem gefa tilefni til að virkja áætlunina skal matráður meta ástandið í samráði við viðbragðsstjórn hvernig skuli unnið skv. viðbragðsáætlun. Upplýsa skal starfsmenn ásamt 112 (neyðarlína/almannavarnir).

Tilkynning

Stjórnandi á hverjum tíma (matráður) þarf að fá upplýsingar um:

1. Hvað gerðist?
2. Fjöldi slasaðra/veikra og ástand þeirra (bráðaflokkun og áverkamat).
3. Hvar - Staðsetning atburðar, bær, gata og þess háttar. Ef um slys er tengist rútu þarf að gefa upp símanúmer bílstjóra í rútu.
4. Hver tilkynnir?
5. Aðstæður á vettvangi. Hættur, veðurfar og fleira.

Stjórnkerfi skólans/leikskólans

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum og Waldorfleikskólinn Ylur eru sjálfstætt starfandi. Starfsemin heyrir undir fræðsluvið Kópavogs. Dagleg yfirstjórn skólans og leikskólans er í höndum starfsmannaráðs sem skipað er öllum kennurum og starfsfólki skólans/leikskólans. Starfsfólk skiptir með sér ábyrgðasviðum.

Öryggisnefnd skólanna:

- Sér um gerð handbókar öryggismála; Vörn gegn vá. Sér um árlega uppfærslur og endurnýjun á 5 ára fresti.
- Heldur utan um neyðarbúnað og árlegt viðhald hans.
- Skipuleggur og heldur utan um árlega æfingu að hausti vegna rýmingar húsnæðis og rútu.
- Skipuleggur slysavarnarnámskeið fyrir nemendur og starfsmenn.
- Lítur á slyskráningu hjá leikskóla og skóla, fer yfir og gerir tillögur til úrbóta.
- Heldur utan um niðurstöður frá eftirlitum (slökkvilið, heilbrigðiseftirlit og vinnueftirlit), kynnir fyrir starfsmannaráði og sér til þess að gengið sé eftir úrbótum í samráði við húsanevnd.

Áhættumat

- Bruni
- Hópslys, sérstaklega vegna aksturs skólabarna og leikskólabarna með rútum.
- Stórt útivistarsvæði
- Loftmengun
- Jarðskjálftar
- Snjóflóð
- Eldgos
- Faraldur

Verkefni starfsfólks

A. Almennar upplýsingar

Það er lagaleg og siðferðisleg skylda hvers starfsmanns að koma til hjálpar þegar um alvarlega vá er að ræða. Það er í höndum viðbragðsstjórnar að úthluta verkefnum til starfsmanna.

Fyrstu viðbrögð starfsmanna eru:

1. Tryggja öryggi sitt.
2. Tryggja öryggi annarra.
3. Tryggja öryggi vinnustaðar/umhverfis

B. Gátlistar

- Fundastjórar
- Forfallafulltrúi
- Ritari
- Matráður
- Skrifstofan – sér um tilkynningu til foreldra
- Skólarútan

C. Hlutverk viðbragðsstjórnar

Hlutverk viðbragðsstjórnar er fyrst of fremst að taka ákvarðanir og úthluta starfsfólki verkefnum. Viðbragðsstjórn sér til þess að neyðartaska og kassi í græna húsi sé sóttur.


Starfssvæði og kort

Hér er fjallað um þau starfssvæði sem nota þarf þegar tekist er á við hverskonar vá. Húsnæði skólanna skal að jafnaði notað samkvæmt lýsingu á starfssvæðiskorti. Ljóst er að ekki reynist alltaf þörf fyrir að virkja öll svæðin.

Starfssvæðiskortinu skal dreift til viðeigandi aðila til að tryggja að réttar upplýsingar um staðsetningu berist milli manna sem fyrst (sjá dreifingarlista og samskiptaleiðir).

Helstu starfssvæði:

- A. Aðalaðkoma skólans/leikskólans
- B. Aðkoma sjúkrabíla (að og frá)
- C. Staðsetning síma/tölvu
- D. Slysastofa
- E. Söfnunarsvæði lítið slasaðra
- F. Söfnunarsvæði í upphafi utanhúss
- G. Söfnunarsvæði eftir frumathugun vegna rýmingar skólans/leikskólans
- H. Þyrlupallur



Dreifingarlisti

Afrit af viðbragðsáætlun skólans er í:

- Ferðarútu
- Leigurútu
- Litlu rútu
- Skrifstofu (öryggismappa)
- Neyðartösku og kassa í græna húsi
- Neyðarkassi í skemmu
- Í öllum starfsmannamöppum
- Skólatölvu

Samskiptaleiðir

Mikilvæg símanúmer

Neyðarlínan 112.....	112
LSH bráðamóttaka.....	543 - 2000
Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra vakt.....	112

Tilkynning til foreldra er send út sem SMS ef tölvur virka. Annars er boðtré notað:

Á hverju hausti velja kennarar/leikskóli 1 foreldri (tveir foreldrar eru á listanum til vara) í bekknum sem heldur utan um að hringja í aðra foreldra ef eitthvað kemur upp á. Skrifstofa sér þá um að hafa samband við þennan tengilið og hann sér svo um að tilkynna símleiðis áfram til annarra foreldra.

Ef símasamband rofnar við skólann t.d. vegna mikils álags þá eru foreldrar beðnir um að sýna biðlund. Tölvun gengur á batterí í 2 klst og hægt er að senda út boð á þeim tíma.

Símanúmer og boðleiðir á milli starfsfólks - boðtré skólans(sjá viðauka 5).

Viðbrögð skólans/leikskólans í kjölfar áfalla

Orðið áfall er notað yfir hættu, sem ógnar lífi eða limum og reynslu þeirra er verða vitni að ofbeldi, líkamsáverkum eða dauða. Slíkri reynslu fylgir oft mikill ótti, hjálparleysi, eða skelfing sem valdið getur ýmis konar óþægindum, m.a. svonefndum áfallastreituvíðbrögðum. Áfallastreituvíðbrögð eru eðlileg líkamleg, hugræn og tilfinningaleg viðbrögð við áföllum. Áfallahjálp beinist að því að draga úr alvarlegum og langvinnum eftirköstum slíkra áfalla og leitast við að fyrirbyggja að þessi eðlilegu viðbrögð þróist yfir í sjúklegt ástand, svonefnda áfallaröskun.

Starfsfólk getur sýnt og veitt hvort öðru sálræna skyndihjálpi með umhyggju og nærgætni en einnig getur verið nauðsynlegt að fá inn fagaðila til að fá lausn og á það bæði við um starfsfólk,

nemendur og einnig fyrir foreldra. Hægt er að leita aðstoðar hjá Rauða kross Íslands en einnig hjá öðrum viðurkenndum aðilum.

Rýmingaráætlun

Húsakostur og neyðarbirgðir

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum og Waldorfleiksskólanum Yl er viðurkennt brunaviðvörunarkerfi í rauða húsinu en í öðru húsnæði skólanna eru reykskynjarar, útiljós og neyðarlýsing til staðar. Ein eða fleiri flóttaleiðir eru til staðar í hverju húsi. Sjá viðauka 2.

Neyðartaska er staðsett í forstofu græna húss. Í töskunni er vasaljós, bekkjarskrá/símlisti, plástrar og umbúðir.

Neyðarkassi er staðsettur í skemmu. Í kassanum eru teppi, vasaljós, bekkjarskrá/símlisti, grímur, plástrar/umbúðir, álteppi. GSM símar skólanna er staðsettur í rútutöskum.

Brunavarnakerfi

Ef brunavarnarkerfi fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi:

1. Starfsfólk undirbýr rýmingu þegar brunaviðvörunarkerfi fer í gang í rauða húsinu. Matráður slekkur á brunabjöllu, kannar orsök og hvort um hættuástand er að ræða. Ef eldur er laus fer brunabjallan strax aftur í gang og þá er skólinn/leikskólinn rýmdur. Ef ekki er um hættuástand að ræða hringir matráður í öryggisfyrirtæki og tilkynnir um orsök og lætur einnig annað starfsfólk vita strax.
2. Ef um eld er að ræða í öðru húsnæði en rauða húsinu þá þarf að virkja brunavarnarkerfi með því að ýta á rofa í rauða húsi. Þannig fáum við beina tengingu við stjórnstöðina. Einnig er hægt að hringja í 112 og tilkynna eldinn, í hverju er kviknað og hvar.

Almenn rýming

1. Kennari athugar hvort að leið sé greið úr kennslustofu og raðar nemendum í röð. Ef mikill reykur er í miðrými húsanna þá skal nýta sér þær flóttaleiðir sem eru í skólastofunum beint út. Velja ætíð þá leið sem greiðust er.
2. Starfsfólk rýmir skólann/leikskólann, fer á söfnunarsvæðið við eldstæðið og heldur utan um sinn hóp af börnum. Viðbragðsstjórn eða fulltrúi þeirra, tekur nemendalista skólans og neyðartösku úr rauða húsi og fer á söfnunarsvæði. Starfsmaður leikskóla tekur barnalista leikskólans með á svæðið.
 - a. Ef að ytri aðstæður leyfa ekki að börnin séu utandyra tekur viðbragðsstjórn ákvörðun um að nota skemmu eða ef aðstæður leyfa ekki þá annað hús sem söfnunarsvæði.
3. Hver starfsmaður er ábyrgur fyrir þeim hópi sem hann heldur utan um og kemur honum út á söfnunarsvæðið. Ef hættuástand skapast utan kennslustundar skulu kennarar og starfsfólk hjálpast að við rýmingu og koma nemendum á

söfnunarsvæðið. Hver bekkur hefur þar sitt svæði. Notum klukkuröðun leikskóli fyrst og síðan hver bekkur við hlið hvers annars. Skulu allir nemendur raða sér þar upp í röð. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út og séu á söfnunar-svæði. Kennarinn/leikskólalakennarinn sér um að merkja við sín börn hvaðan sem þau eru að koma.

4. Fulltrúi viðbragðsstjórnar sér um að fara á milli hópa og fá upplýsingar um hvort allir hafi skilað sér út, eða hvort einhverja vantar. Viðkomandi kemur upplýsingum til matráðar sem kemur þeim áfram til neyðarlínu.
5. Eftir manntal er farið með börnin í skemmu eða eða ef aðstæður leyfa ekki þá annað hús sem söfnunarsvæði.

Hópslysaáætlun vegna skólarútu

Leigurúta fylgir sinni öryggisáætlun en fylgdarstarfsmaður tekur ábyrgð á viðbrögðum skólanna gagnvart börnunum.

Öryggisbúnaður með fylgdarstarfsmanni:

Rútubakpoki: sætaskipan, símalisti með nöfnum og kennitölu barnanna og upplýsingar um ofnæmi ef það er, vasaljós, skyndihjálpartaska (umbúðir, álteppi).

Starfsmenn og börn:

Ökumaður leigurútu og 1-2 fylgdarstarfsmenn, nemendur skólans og leikskólabörn.

Rýmingaráætlun:

- Fylgdarstarfsmaður sér um að hringja í **matráð** (virkjar viðbragðsáætlun), ef ekki næst í hann þá **starfsmann skrifstofu** og ef ekki næst í þá einhvern **bekkjarkennara**.
- Mjög mikilvægt er að símtöl séu eingöngu á milli næstráðanda (matráður) og fylgdarstarfsmanns.
- Rétt boðleið til foreldra er í gegnum viðbragðsáætlun skólans þar sem kemur fram hver tengiliður hvers bekkjar er og foreldrar geta leitað til.
- Bílstjóri sér um að fylgja viðbragðsáætlun fyrirtækisins og hefur samband við 112 (neyðarlínu).

Fylgdarstarfsmaður tekur við stjórn rýmingar í kjölfar óhapps og gegnir hlutverki hópstjóra.
ÚTHLUTAR VERKEFNUM EINS OG KOSTUR ER.

- A. **Opna hurð** á rútu að framan og aftan ef hægt er. Opna hurðir handvirkt með neyðaropnara (losar loftið) annars nota neyðarbúnað til að brjóta niður rúður og opna greiða leið úr rútunni.
- B. Fylgdarstarfsmaður ákveður hvar **ÖRUGGT SVÆÐI** er fyrir utan rútu fyrir börnin til að safnast saman á.
- C. **RÝMING.**

- Fylgdarstarfsmaður fær börn úr elsta bekk skólans til að losa leikskólabörn úr beltum.
- Þau börn sem geta losað sig úr beltum geri það og hægt og rólega yfirgefi rútuna um fyrirfram ákveðna leið, á öruggt svæði.
- Á söfnunarsvæði þarf að sjá til þess að börn í 1.-2. bekk og leikskóla fái öruggt eftirlit eins og kostur er.

D. **SLASAÐIR.** Fylgdarstarfsmaður og ökumaður sjá um að sinna fyrstu hjálp eins og kostur er. Ekki flytja slasaða nema brýn þörf sé á.

Slys á börnum

Skyndihjálparnámskeið

Starfsmenn fara annað hvert ár á viðurkennt skyndihjálparnámskeið. Starfsmenn eiga að kynna sér það efni sem til er um skyndihjálp í skólunum eins og rit sem skólarnir fengu eftir skyndihjálparnámskeið hjá Herdís Storgaard.

Eftirlit með börnunum

Velferð og öryggi nemenda á skólatíma er á ábyrgð starfsmannaráðs. Mikilvægt er fyrir starfsmenn að gera sér grein fyrir þroska og getu nemenda og haga eftirliti samkvæmt því. Ávallt er starfsmaður úti við í frímínútum en að öðru leyti ber kennarinn/leiðbeinandinn ábyrgð á útiveru barnanna og hvernig henni er til háttað. Leikskólabörn eiga aldrei að vera eftirlitslaus og þegar komið er yfir 9 börn á aldrinum 4-6 ára þurfa tveir starfsmenn að vera með eftirlit. Ef fleiri börn yngri en 4 ára bætast við hóp eldri barna þarf líka annan starfsmann og ef að börn undir 3 ára eru fleiri en fimm þarf tvo starfsmenn.

Umhverfi

Markmið okkar er að nemendur læri að þekkja og virða umhverfi sitt. Hönnun á leiksvæði skólans miðar að því að ýta undir hreyfigetu og að börnin læri að meta eigin getu, geti virkjað sköpunargleðina, ýta undir náttúruupplifun og það að bera traust til umhverfis síns. Starfsmenn ýta markvisst undir þekkingu barnanna á svæðinu og hjálpa þeim að takast á við náttúruna eins og hún er. Mikilvægt er að börnin geti af öryggi farið út á útisvæði með klettum, holum, brekkum og þess háttar án þess að fyllast ótta um að slasa sig. Þvert á móti viljum við bjóða börnunum upp á aðstæður þar sem þau geta tekið óeiginlega ábyrgð á sjálfu sér eftir að hafa fengið, í fylgd með starfsmanni að þjálfa sig í mætingu við hina ýmsu erfiðleika sem fylgja því að leika sér í óhefluðu landslagi.

Starfsmenn þurfa að þekkja umhverfið í Lækjarbotnum og Seldal vel. Hvar vinnusvæði og verkfæri eru og hvar mögulegar hættur eru í náttúrunni. Starfsmenn þurfa að koma í veg fyrir slys með því að gera leiksvæðið sem öruggast, t.d ganga frá verkfærum og taka til eftir ýmiskonar vinnu eins og ganga frá nöglum og fjarlægja afgangspítur. Leiksvæði leikskólans afmarkast við skógarjaðrinum, þ.e. börnin fara ekki inn í skóginn og ekki er í boði fyrir leikskólabörn að leika fyrir framan rauða húsið. Leiksvæði skólans afmarkast í suðri af girðingu sem liggur nærri Tobíasarhúsi og fer línán þaðan að enda göngustígs, rétt fyrir framan jarðhúsið. Línan liggur svo upp með hæðinni í vestur fram yfir skólahúsnæðið og liggur svo í

hring um skólann, upp hlíðina að austanverðu og á þessu svæði gildir að mörk leiksvæðisins upp brekkuna taki enda þegar nemendurnir hafa ekki augstýn á skólahúsnaðið.

Starfsmenn þurfa að kynna sér hvaða kröfur gilda um öryggi húsnæðis, eldvarna og öryggi leiktækja og svæðis og gera ráðstafanir samkvæmt því.

Ef farið er í lengri ferðir þurfa starfsmenn að vera vakandi fyrir því að taka með sér síma og jafnvel kort.

Sjúkrakassi

Sjúkrakassi er staðsettur í eldhúsi skólanna og annar í auka eldhúsi leikskólans, þar eru bakdyr sem snúa út að aðalleiksvæði barnanna (sjá teikningu). Einnig eru sjúkrakassar í rútunni, eldsmiðjunni, skemmuni, leirkofanum og tálgunarkofa. Kassarnir eru geymdir í merktum skápum eða svæðum. Innihald sjúkrakassana fer eftir lista sem ávallt er geymdur í sjúkrakössunum og fara á yfir innihald þeirra í byrjun hverrar haustannar eða viku fyrir eftirlitsdag. Athuga þarf hvort eitthvað vantar eða hvort eitthvað af innihaldinu sé komið yfir endingartíma eins og sótthreinsiumbúðir og saltvatn. Í skápunum þar sem sjúkrakassarnir eru í eldhúsum aðalbyggingar eru einnig upplýsingar um fyrstu viðbrögð í skyndihjálpi og öryggis-handbókin.

Viðbragðsáætlun

Sá sem kemur fyrstur að slysi tekur stjórnina og metur næstu skref út frá eðli og alvarleika slyssins. Einnig þarf starfsmaðurinn að meta þessi skref út frá kunnáttu sinni í skyndihjálpi. Mikilvægt er að halda ró sinni til þess að aðgerðir gangi eins fumlaut fyrir sig og kostur er.

Fyrst og fremst ber að huga að slasaða barninu, meta hvort þörf sé að hringja á sjúkrabíl og ef barnið er með meðvitund að róa það og láta það vita að þú munt vera til staðar. Afla þarf upplýsinga frá barninu og vitnum til þess að átta sig á alvarleika slyssins. Ef hringja þarf á sjúkrabíl er best að einhver annar nærstaddur geri það til þess að sá sem kom fyrstur eða sá sem er að sinna barninu þurfi ekki að fara frá því. Einnig ef þarf að ná í gögn úr sjúkrakassa er best að einhver annar fari og ná í þau. Ef engin annar er á svæðinu og viðkomandi ekki með síma þarf að meta ástandið, til dæmis reyna að stöðva blæðingar með einum eða öðrum hætti og koma barninu vel fyrir, í samræmi við ástand þess, á meðan farið er í síma eða sjúkrakassa. Ef hringja þar í 112 þarf að koma **H-unum 3** á framfæri:

- **Hver** það er sem hringir.
- **Hvað** kom fyrir, aldur og kyn, hvernig er líðan.
- **Hvar** varð slysið. Nafn skólans, heimilsfang og nákvæm staðsetning á barni.
Taka þarf greinilega fram hvar Lækjarbotnar eru staðsettir svo ekki verði misskilningur.

Ef þörf er skyndihjálpi er hún veitt í samræmi við ástand barnsins og kunnáttu nærstadda og er henni haldið áfram þar til sjúkrabíll kemur.

Hvernig á að flytja börnin á slysideild

Ef flytja á barnið á slysadeild í einkabíl gerir starfsfólk það en hringt er í foreldra og þeir beðnir um að hitta barnið og starfsmann á slysadeildinni. Þetta er gert vegna staðsetningar Lækjarbotna, til þess að spara tíma. Ef að meiðslin eru minniháttar, ekki þörf á slysadeild strax og barnið getur áfram verið í skólanum er hringt í foreldra til þess að gefa þeim upplýsingar og þeim gefinn kostur á að sækja það.

Bílanotkun

Starfsfólk tekur ekki nemendur í einkabíl nema að gefnu leyfi foreldris. Mælt er til þess að foreldrar undirriti leyfi í upphafi skóla/leikskólagöngu.

Hvenær þarf að hringja á sjúkrabíl.

Alltaf skal hringja í sjúkrabíl ef áverkar barnsins eru lífshættulegir. Einnig ef áverkar eru þannig að erfitt eða sársaukafullt er fyrir slasaða barnið að ferðast í einkabíl.

Starfsmaður fer með barninu í sjúkrabíl.

Viðbrögð eftir slys

Tilkynningar til foreldra

Ef barn er **ekki lífshættulega** slasað tilkynnir starfsmaður slysið beint til foreldra. Mikilvægt er að starfsmaðurinn viti **nákvæmlega** um ástand barnsins.

- Starfsmaður þarf að vera rólegur og tala skýrt.
- Kynna sig og segja hvaðan er hringt
- Segja frá í stuttu máli hvað kom fyrir barnið og reyna koma því strax til skila hvað er að, **nota ekki sterk orð og engar fullyrðingar.**

Ef hringt er á sjúkrabíl skal láta foreldrana vita hvert farið verður með barnið.

Muna að þú ert ekki læknir og þú greinir ekki ástand barnsins lýsir því bara sem að er víst og augljóst í stuttu máli. Reyna að komast hjá því að segja of mikið það gæti valdið of miklum áhyggjum eða vakið upp falskar vonir. Slíkt gæti orðið að vandamáli í framhaldinu.

Ef ástand barnsins er lífshættulegt

Hjarta, öndunarstopp eða meðvitundarleysi - má starfsmaður **ekki** tilkynna slysið til foreldra. Heldur á lögreglan að sjá um það. Lögreglan á að koma með sjúkrabílum sem kemur á skóla-svæðið.

Starfsmaður fer með barninu í sjúkrabíl og hann eða annar starfsmaður gengur úr skugga um það að lögreglan tilkynni foreldrum slysið.

Ef lögregluskýrsla er gerð þarf að láta foreldra vita.

Lögregluskýrsla og tilkynningar til lögreglu

Hringja þarf í lögregluna til þess að óska eftir lögregluskýrslu. Þegar lögreglan kemur með sjúkrabílum biður hún um nokkrar upplýsingar og er það ekki lögregluskýrsla heldur skýrsla vegna útkalls. Beðið er eftir útkomu læknisskoðunar með að gera skýrslu.

Gera þarf lögregluskýrslu útaf öllum alvarlegum slysum og þar sem áverkar geta tekið sig upp síðar eða haft áhrif á einstaklinga í framtíðinni.

Listi yfir slys á börnum sem gera þarf lögregluskýrslu fyrir

- Öll alvarleg slys
- Höfuðhögg
- Brunaslys
- Öll beinbrot
- Tannáverka
- Augnáverkar
- Klemmuáverkar

Muna að láta foreldra vita er skýrsla er gerð.

Skráning

Skrá þarf öll slys þar sem áverkar koma fram og meðferðar er þörf (ekki skrámur sem að þurfa aðeins plástur). Til eru sérstök skráningar blöð sem geymd eru í möppu merkt slysaskráning og er staðsett á skrifstofu.

Alltaf þarf að láta bekkjarkennara eða viðkomandi leikskólakennara vita af slysinu og tildrögum þess. Þetta er gert til þess að starfsmaðurinn viti allt um aðdraganda og afleiðingar slyssins ef foreldrar eða lögregla þarf að fá upplýsingar um hvað gerðist.

Viðbrögð við eldsvoða

Fyrstu viðbrögð starfsfólks og réttur brunavarnabúnaður getur skipt sköpum ef til bruna kemur. Góð umgengni er besta forvörnin gegn eldsvoðum. Waldorfskólarnir í Lækjarbotnum er með tvenns konar fyrirkomulag á eldvörnum skólans. Við höfum sjálf eftirlit með öllum byggingum skólans, en að auki sér Kópavogsbær um rauða húsið. Rauða húsið er þjónustað af aðkeyptri sérfræðiþjónustu.

Eldvarnareftirlit fer fram árlega og er fylgt eftir athugasemdum sem eftirlitið gerir. Í öryggisnefndinni er aðili sem sér um að vera eldvarnarfulltrúi skólans og tengiliður við eldvarnareftirlitið. Öryggisnefndin sér um að yfirfara gátlista um árlegt eldvarnaeftirlit í byrjun hausts (viku fyrir forvarnardaginn). Starfsfólk fær þjálfun í viðbrögðum á árlegum forvarnardeg, og þarf það að kynna sér upplýsingar um viðbrögð sem skráð eru í öryggismöppu.

Ef upp kemur eldur skal umsvifalaust loka eldinn af og rýma húsið á skipulegan og fumlusan hátt. Nemendur og starfsmenn fara eftir gildandi ráðleggingum um rýmingu húsnæðis í eldsvoða t.d. með því að kanna hitastig og stöðu elds og reyks í húsnæðinu. Ef ferðast þarf um rými sem reykur er í verður reynt að tryggja að nemendur fari með gólfum. Að öðru leyti er vísað í viðbragðs og rýmingaráætlun skólans.

Reynið að slökkva eldinn með tiltækum slökkvibúnaði slöngum, kolsýrutækjum og eldvarnatoppi í eldhúsi. Handhægast og líklegast til árangurs er að beita léttvatnstækjum eins fljótt og auðið er því eldur getur breiðst mjög hratt út. Beinið slökkvitækjunum að rótum eldsins að eldmatnum, en ekki að logum eða reyk.

Ef eldur berst í fót barns/starfsmanns t.d. út frá kerti þá þarf að fleygja sér niður á gólf og velta sér þar til eldurinn er slokkaður.

Ef óviðráðanlegur eldur kemur upp í eldsmiðju ber að hafa í huga að þar inni eru stórir gaskútar sem geta valdið gríðarlegri sprengingu og þarf að rýma húsið eins fljótt og kostur er og koma öllum í öruggt skjól.

Haldið ró ykkar og hafið hugfast að *fórna aldrei minni hagsmunum fyrir meiri.*

Viðbrögð við óveðri

Það telst fárviðri þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum (12 vindstig). Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri skal taka það alvarlega. Sérstaklega ef varað er við miklum vindi, snjókomu, frostregni og/eða ofsakulda. Fylgjast skal með tilkynningum og/eða viðvörðunum sem kunna að vera gefnar.

Mikilvægt er að foreldrar fylgist einnig með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Ef fella þarf niður kennslu vegna óveðurs er viðbragðsáætlun vegna óveðurs virkjuð: Gagnvart starfsfólki:

- a) *fyrirséður stormur*: fundarstjórar leikskóla og skóla taka lokaákvörðun um lokun skóla að fengnu samráði við rútuþyriræki og einnig með tilliti til tilkynningar frá veðurstofu. Skrifstofa sér um að senda út tilkynningu til allra foreldra eigi síðar en klukkan 7 að morgni skóladags.
- b) *ófyrséður stormur*: fundarstjórar leikskóla og skóla taka lokaákvörðun um brottför. Fundarstjórar skipa hópstjóra sem sér um að raða í rútur og stýrir á staðnum. Skrifstofa sér um að hafa samband við neyðarlínu (björgunarsveit og lögregla), rútuþyriræki og senda út boð til foreldra með netmiðlum með reglubundnum hætti. Nemendum verður komið til síns heima í öruggri fylgd starfsmanna eða annarra aðila sem til þess eru fengnir (t.d. björgunarsveit). Kennarar og aðrir starfsmenn skólans munu annast nemendur þar til þeir komast í hendur forráðamanna.

Brottför í stormi:

2 rútur, með hefðbundnum hætti. Yngstu börn skóla og leikskóla fara með fylgd eldri barna og fullorðinna í rúturnar. Sæti eins og hefðbundið. Keyrt er eftir föstum venjum og nemendur sóttir af foreldrum.

1 rúta (fjallarúta SBA tekur 32 börn). Taka þarf saman nöfn og fjölda nemenda. Raða í fyrstu rútu leikskólabörnum og systkinum þeirra og einnig 3 fylgdaraðilar. Í aðra rútu færu yngstu nemendur skólans og systkini og 2-3 fylgdaraðilar. Í þriðju rútu færu elstu börnin og 1 fylgdaraðili. Rútan þarf að ferja börnin til Reykjavíkur og eru tveir kostir í boði ef fjallarútan er á ferð: foreldrar sækja við Fylkishús/skipt er í aðra rútu við Fylkishús eða fjallarúta fer í Mjódd þar sem börn eru sótt/skipt er um rútu.

Gagnvart foreldrum og forráðamönnum:

a) *Fyrirséður stormur:* sent út sms á alla foreldra, sem og tilkynning á netpóstum um að skóli sé lokaður sökum veðurs.

b) *Ófyrirséður stormur:* tilkynning send út til foreldra með sms ef breyting verður á heimför og einnig á netmiðlum. Foreldrar hvattir til þess að hringja ekki en bíða rólegir eftir tilkynningum.

Viðbrögð við ísingu

Ef mikil ísing verður sökum veðraskipta þá ber að hafa í huga að starfsmenn mæti í mannbroddum á skólasvæðið. Mikilvægt er að bera sand þannig að greið leið sé til staðar og þarf að bera sand frá bílastæði og gera skýrar og greiðar gönguleiðir um allt skólasvæðið.

Viðbrögð við samfalli snjóhúsaganga

Við gerum ráð fyrir viðbrögðum sem skapast vegna áhættu á samfalli gangna en nemendur eru í þeirri fínu aðstöðu að geta nýtt sér snjóskafila til snjóhúsagerðar yfir vetrartímann. Þeir starfsmenn sem sinna útigæslu þurfa að vera vakandi fyrir þeim svæðum þar sem nemendur eru að grafa göng og fylgjast reglulega með hvort að áhætta sé að skapast. Við samfall á göngum er mikilvægt að átta sig fljótt á umfangi og fjölda þeirra sem lent hafa í slysinu og skal viðkomandi starfsmaður senda strax eftir aðstoð annars starfsfólks en taka ekki augun af því svæði sem óhappið hefur átt sér stað á. Viðbragðsáætlun er virkjuð. Það er gríðarlega mikilvægt að koma þeim nemendum sem eru nærri í öruggt skjól og að aðrir starfsmenn nái sér í skóflur, merki svæðið og reyni strax að komast til þeirra nemenda sem orðið hafa fyrir slysinu þar til neyðaraðstoð berst (112). Fræðsla til nemenda snýr að því að ef einhver grefst undir snjó eða öðru verður að merkja staðinn eða hafa ekki augun af staðnum.

Viðbrögð við jarðskjálftum

Í nágrenni Lækjarbotna geta komið allsterkir jarðskjálftar tiltölulega nærri skólanum (4-6.5 á Richter í brennisteinsfjöllum, sjá viðauka um jarðvá í umhverfi Lækjarbotna). Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér og því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram, læra rétt viðbrögð og æfa þau.

Forvarnir

1. Festið skápa, hillur og þunga muni í gólf eða vegg.
2. Látið þunga muni ekki vera ofarlega í hillum eða á veggjum.
3. Festið kynditæki og ofna. Kynnið ykkur staðsetningu vatnsinntaks og rafmagnstöflu. (sjá viðauka 2)
4. Festið myndir og ljósakrónur í lokaðar lykkjur.
5. Fyrirbyggjið að hlutir geti fallið á svefnstað í leikskóla.
6. Byrgið glugga vegna skæðadrífu glerbrota ef rúða brotnar
7. Hafa á aðgengilegum stað/stöðum helstu áhöld sem getur þurft að grípa til við björgunaraðgerðir í kjölfar skjálfta (svo sem áhöld til að brjóta glugga/brak, ljós, rykgrímur, gjallarhorn, rykgrímur o.fl.). Einnig það sem getur þurft til að hlúa að slösuðum (neyðartösku, álteppi o.fl.).

Gott er að leggja á minnið orðaröðina **Krjúpa- Skýla- Halda**

Jarðskjálfti – innan dyra:

Gæta þess að verða ekki fyrir hlutum sem kunna að falla, með því að:

- Fara í opnar dyr, **krjúpa** þar, **skýla** höfði (með annari hendi) og **halda** sér í karm.
- Fara út í horn burðarveggja, **krjúpa** þar, **skýla** höfði og **halda** sér ef unnt er.
- Fara undir borð, **krjúpa** þar, **skýla** og **halda** í borðfót.

Varast:

1. Húsgögn sem fara á hreyfingu
2. Hluti sem detta úr hillum og skápum
3. Ofna sem losna af festingum
4. Fljúgandi rúðubrot og glerbrot á gólfum
5. Fallandi byggingarhluta

Ekki hlaupa um stefnulaust innandyra, eða út í óðagoti.

Jarðskjálfti – utan dyra:

1. Fara út á opin svæði. Forðast byggingar, raflínumöstur, eða annað sem gæti fallið (t.d. á leiksvæðinu). Fara lengra frá mannvirkjum en nemur hæð þeirra. Fara frá brekkum þar sem möguleiki gæti verið á skriðum eða grjóthruni (t.d. við bláu húsin, græna húsið)
2. **Krjúpa og skýla** höfði (a.m.k. með höndum) ef ekki er unnt að komast á opið svæði.
3. Varast grjóthrun og skriðuföll í fjalllendi.
4. Þeir sem eru akandi skulu stöðva bifreiðina á öruggum stað.

Eftir jarðskjálfta:

1. Klæðast skóm (ef brak er á gólfum).
2. Ná í neyðartösku ef þörf krefur.
3. Athuga hvort nokkur hafi meiðst og sé svo, fylgja þá eftir viðbragðsáætlun.
4. Skrúfa fyrir inntak vatns og hita ef leki er óviðráðanlegur og slökkva á aðalrofa rafmagns ef húsið er skemmt.
5. Athuga hvort eldur er laus og nota ekki opið ljós eða eld ef hætta er á að eldfim efni hafi hellst niður eða gas sloppið út.
6. Aldrei að snerta fallnar raflínur.
7. Sé það mat þitt að húsið sé óbúðarhæft eftir skjálfta, skal fara rólega út.
8. Sé húsið yfirgefið, skal klæðast eins vel og kostur er og fylgja eftir viðbragðs- og rýmingaráætlun.
9. Kveikja á útvarpstæki.

Takið aldrei óþarfa áhættu við björgunarstörf - hugsið fyrst og fremst um öryggi barnanna og ykkar eigið.

Æfið viðbrögð barna og starfsmanna: **krjúpa, skýla, halda**, þar sem því verður við komið, sökum aldurs og þroska og reynið þannig að minnka líkur á meiðslum og ofsahræðslu.

Viðbrögð við eldgosi

Sjá viðauka um jarðvá í umhverfi skólans. Komi upp óvissustig vegna mögulegrar eldvirkni (og meðan á eldvirkni/öskumengun stendur):

- Athuga rykgrímubirgðir - nóg fyrir nemendur og aðra. Huga sérstaklega að nemendum með viðkvæm öndunarfæri þegar aska er í lofti. Fylgjast með loftmengun eftir fongum. Takmarka útivist ef þörf krefur.
- Hafa gott samband við almannavarnaryfirvöld. Tryggja að skólinn sé á viðbragðsáætlunum sem gerðar eru fyrir höfuðborgarsvæðið. Hafa samband við tengiliði hjá helstu viðbragðsaðilum, þannig að þeir viti af skólanum og séu líklegir til huga að honum að eigin frumkvæði. Endurnýja sambandið á óvissustigi.

Vera vakandi fyrir:

- hugsanlegri mengun drykkjarvatns
- hættum á ökuleið (fylgjast með fréttum/almannavarnatilkynningum)
- mögulegum hættum vegna legu skólans í hvilft.

Fylgja viðbragðsáætlun/rýmingaráætlun, þurfi að yfirgefa Lækjarbotna. Yfirgefa Lækjarbotna í samráði við yfirvöld ef þörf krefur.

Viðbrögð við truflun á samgöngum t.d. rof á vegi

Staðhættir skólanna valda því að við erum mjög háð því að vegurinn sé opinn á hverjum tíma. Rof á veg getur valdið því að nemendur komast ekki til síns heima (ófærð/vegur í sundur). Skólarnir vinna samkvæmt viðbragðsáætluninni en almenn viðbrögð eru að nemendur haldi kyrru fyrir í skólahúsnæði, þar sem matur og aðstaða eru fyrir hendi þar til leiðir til lausnar eru fundnar í samráði við 112 (almannavarnir). Boðtré er notað til að tilkynna

foreldrum aðstæður og þeim bent á að í neyð sé hægt að hafa samband við skrifstofusíma eða á netfang skólans.

Viðbrögð við faraldri

Waldorfskólinn Lækjarbotnum og Waldorfleikskólinn Ylur fylgir sérstakri viðbragðsáætlun sem almannavarnir ríkisins hefur gefið út um heimsfaraldur influensu. Almennt eru þó öll viðbrögð við faraldri, influensu eða af öðrum toga þau að halda því á lofti við nemendur og starfsmenn að hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér pappírspurrkur til að hnerra eða hósta í. Vísað er á heimasíðuna www.influensa.is þar sem frekari upplýsingar er að finna. Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til influensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í sjö daga frá upphafi veikinda. Einnig eru auknar kröfur varðandi þrif í skólahúsnæðinu þá einkum og sér í lagi í salernisaðstöðu og þar er hreinsað yfir daglega á meðan einstakir faraldrar ganga yfir.

Það er hlutverk öryggisnefndar skólanna að sjá til þess að upplýsingum um influensu, útbreiðsluleiðir og forvarnir sé miðlað til starfsmanna, nemenda og forráðamanna, með eftirfarandi hætti skv. ráðleggingum almannavarna:

- Að miðla áfram upplýsingum frá landlæknisembætti; www.influensa.is og almannavörnum, www.almannavarnir.is
- Bæklingur um influensuna og almennar smitvarnir sendur foreldrum í tölvupósti
- Foreldrum eru send viðbragðsáætlun skóla og leikskóla

Forvarnir:

- Mikilvægi handþvottar brýnt fyrir nemendum skólans, fyrir máltíðir og eftir salernisferðir.
- Kennarar yngri barna og leikskólabarna auki eftirfylgni með handþvotti, fyrir máltíðir og eftir salernisferðir.
- Handklæðum skipt út tvisvar á dag, og er það á ábyrgð kennara í hverri stofu og leikskólakennara í leikskólanum.
- Spritt við handlaug eldhúss

Veikindi nemenda.

Foreldrar og forráðamenn leikskólabarna og nemenda eru hvattir til að bregðast við veikindum í samræmi við ráðleggingar sóttvarnalæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Öryggisnefnd sér til þess að miðla ráðleggingum áfram til foreldra og forráðamanna og óskar eftir ráðleggingum frá skólaheilsugæslu ef þörf krefur.

Ítrekað verður við foreldra og forráðamenn að tilkynna veikindi barna sinna, og hvers eðlis þau eru.

Veikindi starfsmanna.

Koma til forfalla starfsmanna getur þurft að aðlaga skólastarfið að aðstæðum hverju sinni og einstaka þættir skólastarfsins geta fallið niður.

Einnig getur verið um að ræða samþættingu innan skólanna og samkennslu milli bekkja.

Veikindi starfsmanna getur haft áhrif á rekstur eldhús og skólarútu. Það gæti komið til þess að nemendur þurfi að hafa með sér nesti og eða foreldrar þurfi að sjá um akstur barna til og frá skóla/leikskóla og eru foreldrar hvattir til að hafa samráð um akstur.

Komi til lokunar skóla og leikskóla

Komi til lokunar skóla og/eða leikskóli vegna forfalla eða samkomubanns verður sent sms til allra foreldra og í framhaldi að því fá þeir einnig upplýsingar um stöðuna á netmiðlum.

Aflýsing lokunar verður tilkynnt með sms en einnig er send tilkynning á netmiðla.

Viðbragðsstjórn skólanna hefur umsjón með því að tilkynningar berist til allra hlutaðeigandi í samráði við skrifstofuna.

Boðleiðir.

Sjá boðleiðir í viðbragðsáætlun skólanna.

Aðstoð við gestakennara og/eða skiptinema.

Séu gestakennarar eða skiptinemar til staðar bera verkefnisstjórar ábyrgð á að þeir séu upplýstir sérstaklega og þeim veitt sú aðstoð sem þörf er fyrir og völ er á.

Heimanám við lokun skóla.

Falli kennsla niður vegna forfalla eða samkomubanns verður nemendum, háð aldri, fengin verkefni til úrvinnslu heima, í samræmi við námskrá skólans og í tengslum við yfirstandandi kennslu lotu. Það er í verkahring viðkomandi bekkjarkennara eða staðgengils hans að úthluta verkefnum til nemanda.

Umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur.

Öryggisnefnd í samráði við húsvörð hefur umsjón með fasteignum og öryggismálum, foreldrafélag, formaður handarhóps, hefur umsjón með þrifum.

Skipulagning skólastarfs eftir opnun.

Skipulag leikskóla og skólastarfs og endurskoðun kennsluáætlana eftir opnun er í höndum starfsmannaráðs. Boðað verður til sérstaks fundar vegna þess.

Forvarnir

Árlegur forvarnardagur skólanna er haldinn ár hvert í upphafi skólaárs. Þar eru æfð helstu viðbrögð við bruna, jarðskjálfta, almenn rýmingaráætlun, rýmingaráætlun rútubifreiða og viðbragðsáætlun skólanna. Öryggisnefnd skólanna sér um undirbúning og áherslur í æfingunni í samvinnu við starfsmannaráð.

Viðauki 1 - Það sem þarf að uppfæra árlega að hausti:

1. Neyðartöskur í rauða húsi, rútutöskur (2stk), skemma
2. Skyndihjálparkassa í skemmu, tálgunarkofa, leirkofa, rauða húsi eldhús og leikskóli, rútum.
3. Festa niður árlegan forvarnardag - æfingaáætlun, virkja brunamálaskólann (Brunamálstofnun) og fá þá til kennslu og æfingar tengdum eldvarnabúnaði.
4. Yfirfara árlegt eldvarnareftirlit – gátlisti.
5. Verkefnalisti er varðar forvarnir.
6. Uppfæra allar möppur í skyndihjálpartöskum og vörn gegn vá möppu á skrifstofu.
7. Yfirfara skráningarblöð varðandi slys síðasta árs og taka saman slysatíðni, ástæður slysa og meta hvort þurfi að gera einhverjar ráðstafanir eða endurbætur.
8. Hafa gott samband við almannavarnaryfirvöld. Tryggja að skólinn sé á viðbragðsáætlunum sem gerðar eru fyrir höfuðborgarsvæðið. Hafa samband við tengiliði hjá helstu viðbragðsaðilum, þannig að þeir viti af skólanum og séu líklegir til huga að honum að eigin frumkvæði.

Viðauki 2 – Húsakostur skólanna, staðsetning öryggisbúnaðar

Yfirlit yfir húsakost – staðsetning útleiða, slökkvitækja, neyðarpoka o.fl. öryggisbúnaður eins og hamar, kúbein o.fl. (verkfæri, áhöld), eldfim efni, inntak vatns, hitaveitu, rafmagns, staðsetning gaskúta,

Viðauki 3 - Öryggisbúnaður


Innihald	Staðsetning
Maskar	Eldsmiðja
Vasaljós	Skemma/rauða hús
Álteppi	Græna hús
Skyndihjálpartaska, umbúðir fyrir stærri og minni árverka, plástrar, skæri,	Rútur og öllum húsum
Símalisti starfsfólks/nemenda/foreldra	Rúta/Rauða hús/Græna hús
Nemendaskrá	Rúta/Rauða hús/Græna hús

Viðauki 4 – Boðtré skólans

1. Matráður - (hringir í 112 og einnig í skrifstofu v/foreldra).
2. Skrifstofa sendir út sms á foreldra og einnig boð inn á netmiðla ef að tölvur virka.
3. Skrifstofa virkjar boðtré skólanna með völdum foreldrum.

Viðauki 5 – Jarðvá í umhverfi Lækjarbotna

Eldvirkni og brotahreyfingar á Reykjaneskaga eru taldar ganga yfir í hrinum á 700-1000 ára fresti, síðast fyrir rúmlega 700 árum.



Austan skólans: Brennisteinsfjallakerfið er skilgreint 45 km langt og 5-10 km breitt. Síðustu gos eru talin hafa orðið á 9. og 10. öld (Bláfjallaeldar). Óstaðfestar heimildir greina einnig frá gosum á 13. og 14. öld sunnarlega í kerfinu.

Milli skólans og höfuðborgarsvæðisins: Krýsuvíkureldar (1150-1190) með rúmlega 20 km langri gossprungurein sem náði að Helgafelli við Hafnarfjörð. Jafnvel er gos nálægt Elliðavatni og Rauðavatni ekki útilokað (sjá t.d. umræðu hjá Haraldi Sigurðssyni, eldfjallafræðingi: „Sprungugos í norðurhluta Krýsuvíkurkerfisins geta því hugsanlega komið upp í Heiðmörk eða í grennd við Elliðavatn.“

Jarðskjálftar: Milli rek- og goshrina (eins og verið hefur): Nokkrum sinnum á ári ríða yfir skjáftahrinur á skaganum, langflestar með hræringum að stærð 1-3,5 á Richterskvarða en nokkrum sinnum á öld með öflugari skjálftum, á bilinu 4-6,5 (sbr.

1929 og 1967). Telja má líklegt að stærstu skjálftar á skaganum verði frekar í Hengils- og Brennisteinsfjallakerfunum en í Reykjanes- og Trölladyngjukerfunum, m.a. vegna nálægðar við Suðurlandsskjálftabeltið.

Fari svo að rek- og goshrina hefjist: Jarðskjálftar af stærðargráðunni 1-5 á Richter-kvarða geta orðið tíðir.

Eldgos: Hefjist rek-og goshrina gætu gossprungur opnast hvar sem er innan hinna afmörkuðu eldstöðvakerfa, þó þannig að mestar líkur eru á gosum þar sem mest uppsöfnun gosefna er fyrir, þ.e. nálægt hálendi og virkum misgengisreinum. Mestar líkur á hefðbundnum sprungugosum með kvikustrókavirkni, upphleðslu gjall- og klepragíga og hægfara hraunrennsli en grunnvatnsaðstæður geta þó framkallað öflug en skammvinn sprengigos.

Samkvæmt ofangreindu er hugsanleg vá m.a.:

- Jarðskjálfti allt að 6.5 á Richter í Brennisteinsfjöllum.
- Eldgos annað hvort austan við skólann eða höfuðborgarmegin.

Meðal vár vegna skjálfta:

- Fallandi hlutir og húsgögn á ferð,
- fljúgandi rúðubrot og brak á gólfum,
- eldsvoði,
- eld/sprengihætta vegna gass,
- húsaskemmdir (t.d. dyrakarmar skekkjast svo dyr opnast ekki, hús fara af undirstöðum),
- samgöngutruflanir,
- vatnsmengun,
- rafmagns/símasambandstruflanir.

Meðal vár vegna eldgoss:

- Aska (sérstaklega fyrir þá sem eru með viðkvæm öndunarfæri),
- samgöngutruflanir,
- rafmagns/símasambandstruflanir
- sprengigoshætta (hraun + grunnvatn).

Sérstakar hættur vegna staðsetningar skólans í hvilft:

- Aur- eða snjósCRIður, grjóthrun.
- Flæði gass/gosefna (mengað loft, flæðandi vatn/aur/gjóska).